

# Fundargerð 1. fundar stjórnar Hundaræktarfélags Íslands

## starfsárið 2023-2024.

Þriðjudaginn 9. maí kl. 17:30 var haldinn fyrsti fundur stjórnar Hundaræktarfélags Íslands.

Fundurinn var haldinn í húsnæði félagsins að Melabraut 17, 220 Hafnarfirði.

Mættar voru: Anna Guðjónsdóttir, Anna María Gunnarsdóttir, Anna María Ingvarsdóttir, Erla Heiðrún Benediktsdóttir, Erna Sigríður Ómarsdóttir, Guðbjörg Guðmundsdóttir og Ingibjörg Salóme Sigurðardóttir. Silja Ösp Jóhannsdóttir, verkefnastjóri, sat einnig fundinn.

Erna ritaði fundinn.

### Dagskrá:

#### 1. Verkaskipting stjórnar

- Erna Sigríður Ómarsdóttir, formaður, kosin sérstaklega á aðalfundi
- Guðbjörg Guðmundsdóttir, varaformaður
- Anna Guðjónsdóttir, ritari
- Anna María Gunnarsdóttir, gjaldkeri
- Erla Heiðrún Benediktsdóttir
- Anna María Ingvarsdóttir, varamaður
- Ingibjörg Salóme Sigurðardóttir, varamaður

#### 2. Skipun nefnda

Á dagskrá fundarins var að skipa í fastanefndir og setja þeim starfsreglur. Samkvæmt 11. gr. laga HRFÍ, lið g. í kafla IV. skal stjórn skipa í fastanefndir á fyrsta fundi eftir aðalfund.

Sett var inn auglýsing 3. maí á heimasíðu félagsins og auglýst eftir áhugasömum félagsmönnum. Þá hefur verið rætt við aðila sem stjórn óskar eftir að taki þátt í nefndum.

Ræktunar- og staðlanefnd (áður Ættbókarnefnd): er ein af fastanefndum félagsins og hefur hún verið stjórn og stjórnnum deilda innan handar við eftirtalin verkefni:

- Þýða og uppfæra breytingar á ræktunarmarkmiðum í samvinnu við viðeigandi ræktunardeildir og félag sýningardómara félagsins.
- Gefa umsagnir um og vinna tillögur að beiðni stjórnar um breytingar á reglugerð um skráningu í ættbók Hrfí og grundvallarreglur fyrir félagsmenn.
- Leiðbeina viðkomandi ræktunardeildum varðandi sérreglur fyrir hundakyn við skráningu í ættbók Hrfí.

Eru eftirtaldir aðilar skipaðir í nefndina

- Anna María Ingvarsdóttir
- Anna Þórðardóttir Bachmann
- Guðbjörg Guðmundsdóttir
- Klara Á. Símonardóttir
- María Björg Tamimi
- Þorsteinn Thorsteinson

Vísindanefnd: er fagnefnd og er ráðgefandi aðili um setningu sérstakra reglna um undaneldi einstakra hundakynja. Þá getur stjórn leitað til nefndarinnar eftir áliti við úrlausn tiltekinna mála. Vísindanefnd getur falið ræktunarstjórn ákveðin sérverkefni í þágu ræktunar. Að beiðni stjórnar er nefndin álitsgjafi um stofnun nýrrar deildar, skv. 21. gr. laga félagsins.

- Erla Heiðrún Benediktsdóttir
- Klara Á. Símonardóttir
- Kristín Elíza Guðmundsdóttir
- Silja Unnarsdóttir

Æskulýðsnefnd: er sú nefnd sem fer með málefni Ungmennadeildar HRFÍ. Þau halda utan um æskulýðsstarf félagsins.

- Elín Edda Alexandersdóttir
- Freyja Guðmundsdóttir
- Hilda Björk Friðriksdóttir
- Hrönn Valgeirsdóttir
- Maríus Þorri Ólason

Sýningastjórn: er skipuð sérstaklega og skal sjá til þess að sýningar fari fram samkvæmt sýningarreglum, leysa mál eða deilur sem upp kunna að koma á sýningum.

- Anna Guðjónsdóttir
- Ágústa Pétursdóttir
- Sóley Ragna Ragnarsdóttir
  - Varamenn:
  - Ásta María Karlsdóttir
  - Lilja Dóra Halldórsdóttir

Laganefnd: skal að beiðni stjórnar annast endurskoðun á lögum og reglum félagsins, hafa eftirlit með því að þau standist rétt íslenskt málfar og brjóti ekki í bága við landslög. Hún veitir umsagnir um lagaleg álitamál sem stjórn fær nefndinni til afgreiðslu.

- Herdís Hallmarsdóttir
- Lilja Dóra Halldórsdóttir
- Svanhildur Skúladóttir

Ritnefnd: Fyrir ritnefnd fer Linda Björk Jónsdóttir sem er ritstjóri vefsins hundasamur.is en hún ber ábyrgð á efni þess ásamt formanni og framkvæmdastjóra félagsins. Stjórn hefur ákveðið að fresta skipun í nefndina til að gefist tækifæri að hafa samráð við Lindu Björk.

Skólanefnd: Samkvæmt VIII. kafla laga HRFÍ, nánar tiltekið 24. gr. laganna má starfrækja hundaskóla innan HRFÍ. Hundaskólinn skal sjá um fræðslu er varðar meðferð, uppeldi og þjálfun hunda undir stjórn viðurkenndra leiðbeinenda. Samkvæmt 25 gr. laganna skal skólanefnd skipuð þremur fulltrúum, tveimur tilnefndum af stjórn HRFÍ og einum af starfsmönnum skólans.

Valgerður Júlísdóttir  
Anna Guðjónsdóttir  
Silja Ösp Jóhannsdóttir

### **3. Ráðning framkvæmdastjóra**

Erna kynnir upplýsingar frá Hagvangi varðandi ráðgjöf í ráðningarferlinu. Ákveðið að afla tilboða frá öðrum ráðningarstofum til samanburðar.

### **4. Bókunarkerfi og gjaldskrá v. salsins**

Verðskrá rædd, Silja setur inn tillögu að verðskrá til stjórnar sem verður tekin fyrir á næsta fundi.

### **5. Erindi frá Lindu Björk Jónsdóttur, ritstjóra Sáms**

Erindi barst frá ritstjóra Sáms, Lindu Björk Jónsdóttur, um breytingar á verðskrá auglýsinga á hundasamur.is.

Rætt var hvornig auglýsingarnar eru uppsettar og hugmyndir að breytingum. Stjórn tekur undir að skoða þurfi verðskrána. Ritstjóri Sáms verður boðaður á næsta fund stjórnar til að fara yfir þessi mál.

### **6. Umsókn Fjár og hjarðhundadeildar um deildarsýningu**

Fjár og hjarðhundadeild sótti um að halda tvöfalda deildarsýningu í haust. Sýningastjórn gerði ekki athugasemdir við umsóknina. Umsóknin er því samþykkt.

## **7. Erindi frá sýningadómaranefnd**

Erindi barst frá sýningadómaranefnd um staðfestingu á eftirfarandi dómara réttindum:

- Ásta María Guðbergsdóttir í Bichon frisé
- Herdís Hallmarsdóttir í Cavalier king charles spaniel

Stjórn samþykkir ofangreind réttindi og óskar dómurunum til hamingju.

## **8. Önnur mál**

Ýmis atriði er varðar bókhald og aðbúnað starfsmanna rædd.

**Fundi slitið kl. 19:00. Næsti fundur áætlaður 23. maí kl. 17:30.**